

GJALDSKRÁ

skipulagsfulltrúa vegna framkvæmda- og þjónustugjalda í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. gr.

Almenn heimild.

Gjaldtaka vegna framkvæmdaleyfa og vinnu við skipulagsáætlanir byggja á 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gjaldi vegna framkvæmdaleyfa og vinnu við skipulagsáætlanir skal varið til að standa straum af kostnaði sveitarfélagsins við útgáfu framkvæmdaleyfa, gerð skipulagsáætlana, breytingu á þeim og kynningu.

Gjaldskráin byggir á þeirri grunnreglu að aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skuli greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttar, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins. Skipulags- og byggingarnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa sem er 12.000 kr./klst. eða gjald skv. reikningi.

2. gr.

Skipulags-, leyfis- og þjónustugjöld.

Vegna vinnu við skipulagsáætlun eða breytingar á henni og/eða annarrar þjónustu skipulagsfulltrúa sem óskað er eftir, skal greiða gjöld, sem gjaldskrá þessi kveður á um.

2.1 Fyrir afgreiðslu umsóknar hjá embættinu skal umsækjandi greiða kr. 16.000.

2.2 Gjald fyrir skipulagsvinnu.

Landeigandi eða framkvæmdaraðili getur óskað eftir því við sveitarstjórn að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á sinn kostnað. Fyrir vinnu við skipulagsáætlun eða breytingar á henni að ósk landeiganda eða framkvæmdaraðila og grenndarkynningu á byggingarleyfisumsókn skal greiða eftirfarandi gjöld:

- | | |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------|
| a) Gerð aðalskipulagsgagna vegna breytinga á aðalskipulagi, sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 | kr. 125.000 |
| Viðmiðunargjald, aðkeypt vinna sveitarfélagsins greiðist skv. reikningi | |
| b) Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna breytinga á aðalskipulagi, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 | kr. 125.000 |
| c) Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna breytinga á aðalskipulagi, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 | kr. 75.000 |
| d) Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna nýs deiliskipulags, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 | kr. 125.000 |
| e) Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna verulegra breytinga deiliskipulags, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 | kr. 75.000 |
| f) Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga deiliskipulags, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 | kr. 55.000 |

Vegna aðkeyprar vinnu við gerð skipulagsáætlunar eða breytingar á henni skal innheimta sérstaklega samkvæmt reikningi.

Gjöld skv. 2. gr. falla í gjalddaga þegar sveitarstjórn hefur samþykkt umsókn landeiganda eða framkvæmdaraðila.

3. gr.

Framkvæmdaleyfi.

Afgreiðslugjald	kr. 16.000
Framkvæmdarleyfisgjald skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	kr. 105.000
Framkvæmdarleyfisgjald skv. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	kr. 150.000

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann. 9. desember 2015, er sett með heimild í skipulagslögum nr. 123/2010 og reglugerðum settum á grundvelli þeirra.

Sauðárkróki, 12. desember 2015.

Ásta Björg Pálmadóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2015